



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2021

*Gunnarsholti, mars 2021
Gústav M. Ásbjörnsson
Sigríður Þorvaldsdóttir*

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2021	2
3	Framkvæmdir árið 2021	4
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða	9
4.1	Skipulag aðgerða og árangursmat	9
4.2	Haustskoðun	9
5	Fundargerðir stjórnar 2021	12
5.1	Fundargerð 102. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 27.01.2021. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði Egilsstöðum.....	12
5.2	Fundargerð 103. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 04.02.2021 fundurinn er haldinn á Hótel Héraði Egilsstöðum.	13
5.3	Fundargerð 104. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 06.07.2021 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.	15
6	Ársreikningar	17

Myndaskrá

Mynd 1. Ábornir ha 2002 til 2021.....	3
Mynd 2. Tonn áburðar 2002 til 2021.....	3
Mynd 3. Frænotkun kg 2002 til 2021.	3
Mynd 4. Yfirlit yfir syðstu aðgerðasvæði LNH í nágrenni Háslóns.....	5
Mynd 5. Brú og nágrenni.....	6
Mynd 6. Grunnavatnsalda, Sænautasel og nágrenni.....	6
Mynd 7. Botnahraun og nágrenni.....	7
Mynd 8. Aðgerðasvæði á áreyrum Jöklu.	8
Mynd 9. Vaðbrekkuháls.	10
Mynd 10. Á leið upp Skænudal.....	10
Mynd 11. Brú/Grænöxl.....	10
Mynd 12. Grunnavatnsalda.....	10
Mynd 13. Mynd frá 2019. Dagbjartur Jónsson og víðir á áreyrum Jöklu. .	10
Mynd 14. Mynd frá 2021. Dagbjartur Jónsson og víðir á áreyrum Jöklu. .	10
Mynd 15. Jökulsáreyrar við Hólmatungu/Hnitbjörg.	11

1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðalmarkmið sjóðsins er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Háslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns jókst hættu á uppfoki á áreyrunum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar töpuðust um 32 km² af grónu landi undir Háslón. Unnið hefur verið að mótvægisáðgerðum frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluáðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

Skýrslur sjóðsins er m.a. hægt að nálgast á rafrænu formi á vefnum sjalfbaerni.is (umhverfi – umhverfisvísar), vef Austurbrúar, Alcoa og Landsvirkjunar um sjálfbærni- og umhverfisskipti á Austurlandi.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2021


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.600 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en önnur fengið minni stuðning. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Mjög mikill breytileiki er á aðstæðum enda ná svæðin nánast frá fjöru til fjalls og eru þau því mislangt komin. Þá eru þau einnig misgömul, enda verið að taka fyrir ný svæði allt til ársins 2020.

Tafla 1: Umfang svæða í hekturum sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2021

Svæði	ha	Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Hrafnkelsdalur og vestan hans, Jökuldalsheiði, Brúaröræfi og Möðrudalsöræfi, svæði sem sjóðurinn hefur haft ákveðna forgöngu um að græða upp.
Heiði	4.960	
Áreyrar	670	
Bændadreifing	1.027	
Samtals	6.657	


Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir árlegt umfang aðgerða í hekturum á árunum 2002 til 2021. Heldur hefur dregið úr umfangi aðgerða frá 2018 en á árinu 2021 var unnið á 529 hekturum. Á myndum 2 og 3 má sjá upplýsingar um árlega notkun áburðar og fræs.

Ábornir ha árin 2002 - 2021




Mynd 1. Ábornir ha 2002 til 2021.

Tonnum áburðar dreift frá 2002 - 2021



Mynd 2. Tonn áburðar 2002 til 2021.

Kg fræi dreift frá 2002 - 2021



Mynd 3. Frænotkun kg 2002 til 2021.

3 Framkvæmdir árið 2021


Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2021 með dreifingu á tilbúnum áburði á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift um 105 tonnum af áburði á 529 hektara. Þetta er nokkuð minna en undanfarin ár og skýringin í því liggur í lægri vaxtatekjum og þar með minna fjármagni til ráðstöfunar. Leitað var tilboða í áburð frá helstu áburðarsölum og bárust tilboð frá þeim flestum. Áburðartegundin sem var valin þetta árið var YARA 26-4 sem er tvígildur áburður sem inniheldur 26% köfnunarefni (N) og 4% forsfor (P) auk calsíum (Ca) og brennisteins (S) í minna magni.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason, Árni Jón Þórðarson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Stefán Bragi Birgisson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum og heimalöndum. Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum. Verktakar sáu í flestum tilvikum um dreifingu áburðar en einnig sáu nokkrir landeigendur um sína dreifingu sjálfir. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júní og júlí.


Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig.

Heiti svæðis	Stærð ha	Magn kg
Sænautasel, melar næst Seli	46	8.400
Skænudalur	93	21.000
Grunnvatnsalda, Ánavatnsháls og Heiðarsel	153	28.200
Brú, Grænöxl	99	19.200
Klaustursel	14,7	2.400
Eríksstaðir	13,6	2.400
Hákonarstaðir	11,4	2.400
Merki	12	2.400
Mælivellir	12	2.400
Teigasel	12	2.400
Þríhyrningsvatn	3	600
Jökulsáreyrar Galtastaðir	24	4.800
Hólmatunga - Hnitbjörg	15	3.000
Múli - Handreifing	3	600
Skænudalur - Handreifing	9	1.800
Heiðarsel - Handreifing	12	2.400
Sænautasel - Handreifing	3	600
Samtals	535,7	105.000


Á myndum 4 til 8 má sjá staðsetningu einstakra aðgerða. Á myndunum eru merktar aðgerðir sumarsins 2021 auk þess sem eldri aðgerðir eru afmarkaðar. Litirnir segja til um hversu oft hefur verið borið á einstök svæði. Ekki var borið á öll svæðin sumarið 2021..




Mynd 4. Yfirlit yfir syðstu aðgerðasvæði LNH í nágrenni Hálslóns.



Mynd 5. Brú og nágrenni.



Mynd 6. Grunnavatnsalda, Sænautasel og nágrenni.



Mynd 8. Aðgerðasvæði á áreyrum Jöklu.

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman eftir þörfum á árinu 2021. Í henni sitja Jón Hávarður Jónsson fyrir Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Gústav M. Ásbjörnsson frá Landgræðslunni en hann kom inn í nefndina í stað Rúnars Inga Hjartarsonar á haustmánuðum. Nefndin er stjórn til ráðgjafar m.a. vegna tilboða í áburðakaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu áburðardreifingar sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annast svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metinn og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Skipulag aðgerða og árangursmat

Veturinn var í meðallagi snjópungur en sumarið lét bíða eftir sér. Júní var mjög kaldur og fraus flestar nætur fram yfir 20. en þá breytti um veðurlag. Júlí og ágúst voru mjög hlýir og þurrir þannig að ekki gerðist mikið í gróðri. Haustið var þó hagstætt gróðri, hlýtt og rakt í september og október og greinilegt að gróður tók nokkuð við sér. Árangur áburðardreifingar ársins var eftir atvikum en svæðin litu þó mun betur út í haustskoðun en reiknað hafði verið með m.t.t. tíðarfars. Það verður þó varla hægt að meta árangur aðgerða sumarsins fyrr en sumarið 2022.

Skoðunarferð var farin um heiðina 5. júlí (Jón, Dagbjartur og Rúnar Ingi) eða um leið og slóðir voru færar. Lögð voru drög að framkvæmdaáætlun sumarsins og skiptingu á áburðarmagni á svæði.

4.2 Haustskoðun

Ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður-Héraðs (Jón, Dagbjartur og Gústav) fór í vettvangsskoðun um landgræðslusvæði sjóðsins dagana 13. og 14. október 2021. Aðstæður til vettvangsskoðunar voru ágætar, fremur bjart og kyrrt veður. Á heiðum var þó nokkur snjór komin í brautina en hindraði þó ekki för. Skoðunarferð var hagað með eftirfarandi hætti:

- 13. október - Ekið var upp Jökuldal um Brú og yfir hjá Vaðbrekku. Þaðan var farið upp Skænudal, fram hjá Faxahúsum og inn að Háslóni. Ekið var yfir á stíflunni og niður í Laugavalladal. Þaðan var ekið að uppgræðslusvæðum við Brú, Heiðarsel, Grunnavatn og Sænautasel. Í lok dags var hafist handa við skoðun áreyra og byrjað á uppgræðslu við Hrafnabjörg.
- 14. október – Ekið var út á Jökulsáraura við Hólmatungu og Hnitbjörg. Þá var ekið niður Hróarstungu og svæði skoðuð í eystri hluta árauranna m.a. Í landi Galtastaða.

Niðurstaða nefndar - Við skoðun þá reyndust svæði í Jökuldalsheiði fremur jöfn að sjá og framvinda í samræmi við upphafsár og meðferð. Fylgjast þarf vel með framvindu í Grunnavatnsöldu en framvinda við Sænautasel og komin hvað lengst.

Nokkuð af myndum voru teknar í ferðinni og myndir 9 til 15 sýna mismunandi uppgræðslusvæði innan starfssvæðis sjóðsins.



Mynd 9. Vaðbrekkuháls.



Mynd 10. Á leið upp Skænudal.



Mynd 11. Brú/Grænöxl.



Mynd 12. Grunnavatnsalda.



Mynd 13. Mynd frá 2019. Dagbjartur Jónsson og víðir á áreyrum Jöklu.



Mynd 14. Mynd frá 2021. Dagbjartur Jónsson og víðir á áreyrum Jöklu.



Mynd 15. Jökulsáreyrar við Hólmatungu/Hnitbjörg.

Uppgræðslur á Jökulsáraurum eru nær allar komnar mög langt og víðast nær tilbúnar. Fylgjast þarf með nýjustu svæðunum en frekari áburðargjöf ætti ekki að vera nauðsynleg. Aðstæður til gróðurframvindu á áreyrum eru um margt ákjósanlegar, veðurfar gott, stutt í grunnvatn og sum svæðin njóta næringar þegar lífrænt efni berst yfir þau úr flóðum. Á nokkrum stöðum er þó nokkur sandur á ferðinni en ekki til skaða. Flóð í Jöklu voru minniháttar og höfðu engin teljandi áhrif á uppgræðslur þetta árið. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða. Einnig má geta að sauðfjárvarnargirðing út Tunguna sem hluti svæðanna er á „bak við“ virðist ekki halda fé jafn vel og vonir stóðu til. Mikilvægt er að girðingahaldari tryggi betur ástand girðingarinnar þannig að hún haldi fé.

5 Fundargerðir stjórnar 2021

5.1 Fundargerð 102. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 27.01.2021. Fundurinn er haldinn á Hótel Héraði Egilsstöðum.

Mættir eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Sólrún Hauksdóttir varamaður í forföllum Björns Halls Gunnarssonar. Sigvaldi setti fund kl: 16:00.

1. Skipun heimastjórnar Fljótshálsbótasjóðs í stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum 19.september sl. í ný sameinuðu sveitarfélagi Múlaþingi skipaði heimastjórn á sínum fyrsta fundi 4. nóvember 2020 nýja stjórn og varastjórn fyrir Landbótasjóð.

Aðalmenn; Sigvaldi H. Ragnarsson, formaður, Björn Hallur Gunnarsson varaformaður, Katrín Ásgeirsdóttir. Varamenn; Sólrún Hauksdóttir, Stefanía Malen Stefánsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson. Þá var Jón Hávarður Jónsson skipaður í ráðgjafanefnd sjóðsins.

Til kynningar.

2. Ársreikningur 2020 lagður fram til undirritunar og samþykktar.

Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi frá Deloitte mætti til fundar undir þessum lið. Fór yfir ársreikning 2020. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2019). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 306.534.632 (313.302.915) Til ráðstöfunar á árinu 2021 eru áætlaðar 15,4 millj. kr. sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 0,46 %.

Áætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir að Landbótasjóðurinn hefði 21,1 milljón til ráðstöfunar á árinu 2020. Sú áætlun byggði á þeirri forsendu að verðbólga yrði 2,5% og að innlánsvextir yrðu óbreyttir.

Vegna fordæmislausra aðstæðna sem rekja má til Covid-19 þá varð verðbólga ársins 3,5% á sama tíma og innlánsvextir lækkuðu um heilt prósent. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2020 varð því einungis 0,18%. Afleiðing þessa er að ráðstöfunarfé ársins varð 17,8 milljónir eða 3,2 milljónum minni en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Vegna aðhalds stjórnar í rekstri varð rekstrarkostnaður sjóðsins auk kostnaðar við landbætur 18,5 milljónir á árinu 2020. Úthlutun stjórnar umfram fjárheimildir er því 0,7 milljónir sem mun dragast frá ráðstöfunarfé ársins 2021. Að lokinni yfirferð var reikningurinn borinn upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikningurinn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkukð koman sem og veitt þjónusta Deloitte, vék hann hér af fundi.

3. Útgjaldaáætlun 2020.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2021 sem rúmast innan þeirra heimildar sem kynnt var í 2. lið þessa fundar.

Þóknun vegna fundarsetu 2021 verði þau sömu og áður þ.e. taki mið af launataxta FOSA launaflokkur 120, 1. þrep eins og hann er á útborgunardegi launa. Nefndarmönnum verði greitt

12 % af umræddum taxta fyrir hvern setinn fund. Laun formanns 25 %. af taxta. Akstur verði greiddur eftir ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða.

4. Áburðarkaup 2021.

Ráðgjafanefnd hefur skilað stjórn Landbótasjóðs tillögum um áburðarval í landbótastarfið 2021 með tölvupósti dagsettu 27.1.2021.

Stjórn felur formanni að gera verðkönnun á völdum tegundum frá áburðarsölum Búvís, Fóðurlöndunni, Líflandi, Sprett og Yara.

Opnun verðtilboða verður haldinn á Hótel Héraði þann 4.febrúar 2021 á stjórnarfundum sem haldinn verður með ráðgjafanefnd. Einum fulltrúa frá hverjum áburðasala gefst kostur á að sitja undir dagskráliðnum opnun tilboða á fundinum. Við fundarboðun verður minnt á að virða fjarlægðarmörk og gæta ýtrustu sóttvarna.

Rökstuðning

Samþykkt.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

6. Undirritun fundargerðar frá 29.06.2020.

Fundargerðin hefur verið samþykkt með tölvupóstum er hún því til hér einungis til undirritunar.

7. Afgreiðsla fundargerðar og fundarslit.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verður undirrituð og staðfest á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl. 17:45.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.2 Fundargerð 103. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 04.02.2021 fundurinn er haldinn á Hótel Héraði Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Sólrún Hauksdóttir í forföllum Björns Halls Gunnarssonar.

Sigvaldi setti fund kl 16:00.

1. Opnun á verðkönnun.

Mættir til fundar auk stjórnar; Dagbjartur Jónsson og Jón Hávarður Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig mættir eftirtaldir fulltrúar söluaðila; Jón Björgvin Vernharðsson frá Skeljungu og Jón Steinar Elísson frá Sláturfélagi Suðurlands.

Eftirfarandi verð hafa borist.

Tafla yfir verð á áburð 2021 með uppgefnum tölum frá tilboðsaðilum.

	Tegund	magn tn.	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	Annað
Skeljungur	Sprettur 26-13	120	78.119	9.374.313	15.mai	
Sláturfélag Suðurlands	NP 26-4	120	77.450	9.294.048	15.mai	Tilboð gildir t.o.m 4.2.21

Lífland afþakkaði boð um að senda inn verð með tölvupósti dags 1.2.2021 undirritað af Jóhannesi Baldvini Jónssyni. Fóðurblandan afþakkaði einnig þátttöku með tölvupósti dagsettu 1.2.2021 undirrituðum af Úlfi Blandon. Einar Guðmundsson Búvís afþakkaði þátttöku með símtali við formann fyrr í dag.

Umræður urðu um vottun á kolefnisjöfnun. Báðir aðilar sem skiluðu inn tilboðum hafa vottun á kolefnisjöfnun á vörum sínum frá sömu vottunarstofu.

Formaður upplýsti fundarmenn um að umræða hefur farið fram innan stjórnar um að gera kröfu um vottun á kolefnisjöfnun, en slíkt verður þó gert með ákveðnum fyrirvara svo allir aðilar hafi tíma til að skila inn slíkum vottunum.

Fulltrúar Spretts og Sláturfélags Suðurlands hvetja stjórn til að skoða þessi mál með hliðsjón af markmiðum landbúnaðarins.

Stjórn þakkar áburðarsölum innsend verðboð sem yfirgefa fundinn kl 16:45
Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla innsendra verðboða í áburð.

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Jóni Hávarði yfirfóru verðboðin. Rúnar Ingi mætir kl 17:00. Að tillögu ráðgjafanefndar er formanni falið að ganga til samninga um kaup á 105 tonnum af Yara NP 26-4 fyrir kr. 8.132.250 með vsk. eða kr. 77.450 per tonn. Áburðurinn verði afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur að fullu.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

3.1 Formaður spurði um niðurstöðu jarðvegsýna sem voru tekin sl. haust á uppgræðslu-svæðum sjóðsins.

Dagbjartur skýrði frá niðurstöðu sýnanna, helstu niðurstöður að ástand er betra en nefndin gerði ráð fyrir sýrustig gott, Kalsíum (Ca), Kalí (K), Magnesíum (Mg) á bilinu 25-75% af ráðlögðu miðað við nytjarækt, en fosfór (P) einungis 2-10% af ráðlögðu miðað við nytjarækt. Stefnt skal að sýnatöku aftur nk. sumar til að kanna áhrif áburðadreifingar sumarsins.

3.2 Formaður spurði ráðgjafanefnd hvar væri hentugast að draga saman í áburðardreifingu og landbótastarfi í ljósi minni áburðarkaupa. Ráðgjafanend hefur ekki tillögu um það að svo stöddu. Ráðgjafanefnd yfirgefur fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

4. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 27.01.2021.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

5. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

6. Fundarslit kl 18:20.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.3 Fundargerð 104. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 06.07.2021 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Björn Hallur Gunnarsson og Katrín Ásgeirsdóttir. Sigvaldi setti fund kl 17:00

1. Undirritun og samþykkt 103. fundargerðar frá 04.02.2021.

Fundargerðin undirrituð og samþykkt.

Mættir er til fundar ráðgjafanefnd sjóðsins Jón Hávarður Jónsson og Dagbjartur Jónsson, Rúnar Ingi Hjartarson .

2. Lagning Kröflulínu 3. í landi Sænautasels.

Stjórn og ráðgjafanefnd Landbótasjóðs hvetur Landsnet til að ganga frá landgræðslusvæðum sjóðsins í landi Sænautasels þar sem Kröflulína 3 liggur um á viðeigandi hátt og ekki í verra ástandi en það var fyrir framkvæmdir við Kröflulínu 3. Bent er á að fylgja þarf lagfæringum eftir næstu ár og þá í samráði við sjóðinn.

3. Verkáætlan landbótastarfs 2021. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar

Þann 6. júlí fór ráðgjafanefnd í skoðunarferð um uppgræðslusvæði á Jökuldalsheiði, Hrafnkelsdal, áreyrar Jökulsár í Jökulsárhlíð og Hróarstungu.

Jón Hávarður gerði grein fyrir áætlun nefndarinnar og útdeilingu þeirra 105 tonna af áburði sem borin verða á þetta sumarið. 75 tonn á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal, áreyrar í Hróarstungu 4,8 tonn og 4,8 tonn á áreyrar í Jökulsárhlíð. Svonefnd framlög til bænda verði 15 tonn. Auk þessa mun sumarvinnuflokkur Landsvirkjunar undir stjórn Arnórs Benediktssonar dreifa 5,4 tonn af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar fræðreifingu en Arnóri er falið að meta þörf fyrir fræ að venju. Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu á áður nefnd svæði nú þegar.

Verkáætlan ráðgjafarnefndar 2021 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

4.1 Hólmatunga

Björn Hallur spurði um stöðu framkvæmda vegna rúlludreifingar í landi Hólmatungu. Jón Hávarður skýrði frá að ráðgjafanefnd hefur samþykkt það svæði sem fulltrúi landeigenda hefur gert tillögu að.

Styrkloforð frá 96. fundi (liður 5 er)til ráðstöfunar að verki loknu eftir úttekt ráðgjafanefndar.

Málið áður á dagskrá 92.- 96., 98 , 99. og 101. fundar.

Fundarhlé kvöldverður.

Mættir eru til fundar.

Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Landsvirkjunar, áburðarverktakarnir Agnar Benediktsson, Marteinn Óli Aðalsteinsson og Snæbjörn Ólason. Sigurður H Jónsson flutningsverktaki einning mættur.

5. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkáætlun.

Jón Hávarður kynnti ný samþykkt verkáætlun 2021 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Landsvirkjunar (Lv).

Farið yfir nokkur framkvæmdaratriði og verklag í samskiptum stjórnar, ráðgjafanefndar og verktaka sem og starfsmanns Lv.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar. *Samþykkt*
samhljóða.

7. Fundarslit kl 19:50.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

6 Ársreikningar

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2021

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2021

Efnisyfirlit	
Könnunarritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2021

Efnisyfirlit	
Könnunarritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2021, hreinni eign hans 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 20. janúar 2022

Deloitte ehf.


Sigurður Álfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álitni stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 14,2 millj. kr. á árinu, en umfram ráðstöfun frá fyrra ári nam 0,7 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2021 nam 13,2 millj. kr., og óráðstafað í árslok 0,3 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2022 geti orðið u.þ.b. 15,9 milljónir króna.

Óvissuþættir og ytra umhverfi

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 20. janúar 2022

Í stjórn

Þorgeir H. Reynarnes
Katrín Ásgeirsdóttir
Þjónn Gunnarsson

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2021

	Skýr.	2021	2020
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	7.129.683	6.654.179
Hreindýraarður		327.354	328.888
		<u>11.457.037</u>	<u>10.983.067</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	16.770.812	14.038.591
Fjármagnstekjuskattur	8	(3.689.578)	(3.088.315)
Vaxtagjöld	8	0	(525)
		<u>13.081.234</u>	<u>10.949.751</u>
		<u>24.538.271</u>	<u>21.932.818</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(13.242.295)	(18.505.135)
		<u>(13.242.295)</u>	<u>(18.505.135)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(10.056.196)	(10.195.966)
		<u>(10.056.196)</u>	<u>(10.195.966)</u>
Hækkun (Lækkun) á hreinni eign á árinu	5	1.239.780	(6.768.283)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>306.534.632</u>	<u>313.302.915</u>
Hrein eign í árslok	5	<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	11.528.818	21.585.014
		<u>11.528.818</u>	<u>21.585.014</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		148.260	172.779
Skammtímakröfur		2.286.944	2.215.029
		<u>2.435.204</u>	<u>2.387.808</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	293.810.390	282.561.810
		<u>293.810.390</u>	<u>282.561.810</u>
		<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>
Hrein eign		<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>
 Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	278.279	(721.738)
Til ráðstöfunar síðar	5	<u>307.496.133</u>	<u>307.256.370</u>
Hrein eign samtals		<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	11.129.683	10.654.179
Aðrar innborgaðar tekjur	5	255.439	295.145
Innborgaðir vextir	8	13.081.234	10.950.276
		<u>24.466.356</u>	<u>21.899.600</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(13.217.776)	(18.296.884)
Vaxtagjöld	8	0	(525)
		<u>(13.217.776)</u>	<u>(18.297.409)</u>
Hækkun á handbæru fé		11.248.580	3.602.191
Handbært fé í ársbyrjun		<u>282.561.810</u>	<u>278.959.619</u>
Handbært fé í lok árs		<u>293.810.390</u>	<u>282.561.810</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgæðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var fjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samnemi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi, auk viðauka við samninginn, við Norður-Hérað nema alls kr. 220.000.000, og skulu þau greiddast á 20 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 216.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2021	2020
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	216.000.000	212.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	79.321.326	72.191.643
Greitt alls.....	295.321.326	284.191.643
Framlög til og með árinu 2022.....	4.000.000	8.000.000
Afallnar verðbætur í árslok.....	7.528.818	13.585.014
Óhafin framlög samtals.....	11.528.818	21.585.014
	306.850.144	305.776.657

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Austurlands.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2021	2020
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	307.256.370	310.390.416
Verðtrygging höfuðstóls	14.882.436	10.832.153
Laust til ráðstöfunar, 1/22 (1/23) hluti	(14.642.673)	(13.966.199)
	<u>307.496.133</u>	<u>307.256.370</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	(721.738)	2.912.499
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	14.642.673	13.966.199
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	(727.715)	575.811
Hreindýraaður	327.354	328.888
Ráðstafað á árinu	(13.242.295)	(18.505.135)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>278.279</u>	<u>(721.738)</u>
Hrein eign samtals	<u>307.774.412</u>	<u>306.534.632</u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2021	2020
Vextir af bankareikningi.....	16.770.812	14.038.591
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.689.578)	(3.088.315)
Vaxtagjöld	0	(525)
	<u>13.081.234</u>	<u>10.949.751</u>

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	8.132.292	11.067.002
Aðkeypt vinna verktaka	2.755.474	4.735.650
Flutningskostnaður	868.198	1.199.732
Vinnulaun	557.709	511.497
Akstur	83.220	80.256
Tryggingagjald	43.009	41.312
Lífeyrissjóður	64.137	58.822
Endurhæfingarsjóður	559	512
Fundakostnaður	96.246	79.650
Annar ósundurliðaður kostnaður	23.699	3.500
Aðkeypt sérfræðipjónusta	617.752	719.911
Lögfræðikostnaður	0	7.291
	<u>13.242.295</u>	<u>18.505.135</u>

10. Önnur mál

Stjórnendur hafa metið áhrif COVID-19 faraldursins á rekstur og reikningsskil félagsins sem óveruleg. Vegna eðlis starfseminnar hefur faraldurinn ekki haft teljandi áhrif á tekjur og afkomu félagsins eða getu þess til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Félagið hefur ekki nýtt sér nein þeirra úrræða sem stjórnvöld hafa boðið til að mæta áhrifum COVID-19.